

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2003 – maí 2004

BIRGITTA SPUR

Sýningar

Andlitsmyndir og afstraksjónir 1. júní – 21. ágúst 2003

Sýningin frá vetrinum 2002 – 2003 var sett upp aftur í safninu eftir hlé. Þar voru sýndar þrettán valdar portrettmyndir og jafnmörg afstraktverk eftir Sigurjón Ólafsson.

Meistarar formsins 30. ágúst – 28. september

Skúlpúrsýning frá Staatliche Museen zu Berlin, Preussischer Kulturbesitz og Nationalgalerie í Hamborg sem kom hingað frá Akureyri og var í samvinnu við Listasafnið þar. Sjá mátti verk helstu módernista evrópskrar höggmyndalistar, t.d. *Degas*, *Marino Marini*, *Renoir*, *Archipenko*, *Käthe Kollwitz* og *Henry Moore*. Þar var og verk Sigurjóns *Á leið til elskunnar minnar* (1954 – 55), sem safnið lét gera í polyester og hefur ekki komið fyrir almennings sjónir fyrr. Johann Wenzl, nýskipaður sendiherra Þýskalands á Íslandi, flutti ávarp og forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði sýninguna. Hún er án efa sú merkasta - og sú dýrmætasta - sem sett hefur verið upp í safninu, enda vakti hún mjög mikla athygli og var vel sótt. Vönduð sýningarskrá fylgdi sýningunni.

Útbúið var kennsluefni, annars vegar fyrir grunnskólanema og hins vegar framhaldsskólanema. Kennsluefnið gátu nemendur og kennarar sótt á heimasíðu safnsins og var það nýtt af flestum skólahópum sem komu í safnið. Á sýningartímanum tók forstöðukona safnsins á móti 525 nemum í 25 skólahópum og veitti þeim leiðsögn.

Forvörður frá Ríkislistasafninu í Berlín kom í safnið og hafði umsjón bæði með uppsetningu sýningarinnar og þökkun þegar sýningin var tekin niður.

Listaverk Sigurjóns í alfaraleið 21. október 2003 – 5. september 2004

Þann 21. október 2003 voru fimmtán ár liðin frá því að Listasafn Sigurjóns var opnað almennings í endurbýggðri vinnustofu Sigurjóns á Laugarnesi. Í tilefni þess var efnt til sýningar á ljósmyndum af listaverkum sem Sigurjón gerði og hafa verið sett upp á opinberum stöðum og í alfaraleið. Sigmundur Guðbjarnason, formaður fulltrúaráðs LSÓ, opnaði sýninguna í afmælishófi boðsgesta í safninu þann 21. október. Gro Kraft forstjóri opnaði sams konar sýningu í anddyri Norræna hússins þann 18. október, í lok ráðstefnunnar *Sigurjón Ólafsson og list á almannafæri*, og stóð sú sýning til 16. nóvember. Gefin var út harmonikubrotin, litprentuð sýningarskrá með ljósmyndum og texta Æsu Sigurjónsdóttur um verkin. Í Sigurjónssafni voru einnig settar upp höggmyndir Sigurjóns sem tengdust fyrrgreindum listaverkum.

Sumartónleikar

Þriðjudagstónleikar LSÓ 2003 hófust 3. júní og voru síðustu tónleikarnir haldnir 26. ágúst. Tónleikarnir voru 13 talsins og vegna mikillar aðsóknar varð að endurtaka eina þeirra. Samtals komu fram 35 hljóðfæraleikarar og söngvarar. Tvívegis voru frumflutt verk eftir íslensk tónskáld og einir tónleikar voru „debut“ tónleikar íslensks listamanns hér á landi. Bandaríska sendiráðið veitti styrk vegna ferðakostnaðar tveggja hljóðfæraleikara frá New York og Menntamálaráðuneytið veitti styrk að upphæð 100.000 kr. Ríkisútvarpið keypti upptökurétt á tvennum tónleikum.

Menningarborgarsjóður veitti 300.000 kr. til að markaðssetja tónleikana fyrir erlenda ferðamenn. Grafískur hönnuður var fenginn til að útbúa veggspjald fyrir tónleikana sem m.a. var dreift til ferðamannastaða um allt land og gengið þannig frá að hægt var að nota grunn þess til tónleikakynninga almennt. Þá var leigður kynningarstandur í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Geysishúsi þar sem komið var fyrir kynningarefni á ensku, þar á meðal litprentuðum dreifiblöðum um sérhverja tónleika. Þrátt fyrir merkjánlega aukningu erlendra ferðamanna á sumartónleika er ekki talið kostnaðarins virði að leigja heilan stand aftur í Geysishúsi, heldur reyna að komast að samkomulagi um ódýrari eða ókeypis framsetningu þar. Safnið situr hins vegar eftir með reynslu og tilbúið kynningarefni vegna þessarar tilraunar.

Aðrir tónleikar

Tónskóli Sigursveins 12.12.03 og 13.12.03

Elísabet Ólafsdóttir, sópran, burtfararprófstónleikar 24.01.04

Oddný Sigurðardóttir, söngkona, 21.03.04

Málþing

Í tilefni þess að 15 ár voru liðin frá því að Listasafn Sigurjóns var opnað almenningi stóð safnið fyrir málþingi í Norræna Húsinu um *Sigurjón Ólafsson og list á almanafæri*. Málþingið var haldið í samvinnu við Norræna Húsið og Listaháskóla Íslands. Það var mjög vel sótt og var hvert sæti skipað síðari hluta dags. Þrír erlendir gestir komu til að flytja erindi á þinginu og vöktu þau veruleg athygli og þóttu mikilvæg viðbót við framlag íslensku fyrirlesaranna. Á engan er hallað þótt fullyrt sé að erindi hinnar þekktu svissnesku myndlistarkonu *Pipilotti Rist* hafi vakið mesta athygli.

Fyrri hluti málþingsins var helgaður list Sigurjóns og því umhverfi sem verk hans eru sprottin úr og fluttu eftirtaldir fræðimenn erindi:

Danski listfræðingurinn Charlotte Christensen:

Höggmyndir á almanafæri í Danmörku á árunum 1920 – 45

Danski listfræðingurinn Lise Funder:

Granítmyndir Sigurjóns á Ráðhústorginu í Vejle

Júlfana Gottskálksdóttir listfræðingur:

Minnisvarðar yfir merka menn. Standmyndir á almanafæri í Reykjavík 1875 – 1945

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur:

Hið þrjúeina samræmi - Um verk Sigurjóns í alfaraleið á Íslandi

Pétur H. Ármannsson arkitekt:

Samstarf arkitekta og Sigurjóns 1945 – 1982

Á síðari hluta málþingsins var sjónum beint að samtíðinni og eftirtaldir fluttu erindi:

Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur:

Andleg næring, list á almanafæri í nútíma borgarskipulagi

Svissneska listakonan Pipilotti Rist:

Hvunnagslistin þín

Reynslusögur arkitekts og listamanna: Jóhannes Þórðarson,

Kristinn E. Hrafnsson, Anna Línadal og Helgi Gíslason

Í lok þingsins gafst þátttakendum tækifæri á að bera fram spurningar til fulltrúa úr stjórnnum þriggja norræna Listskreytingasjóða sem sátu á palli ásamt fulltrúum íslenskra listamanna. Þorgeir Ólafsson deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu stýrði fundi og verndari þingsins, Vigdís Finnbogadóttir fyrirverandi forseti Íslands, flutti opnunarræðu. Menntamálaráðuneytið styrkti málþingið með 150.000 kr. framlagi.

Rannsóknir og miðlun

Fyrirlestrar sem fluttir voru á fyrrgreindu málþingi voru byggðir á rannsóknarritgerðum sem væntanlega verða gefnir út í næstu árbók LSÓ haustið 2004.

Mikill fengur er einnig af textum Æsu Sigurjónsdóttur: *Listaverk Sigurjóns í alfaraleið*, sem hafa verið prentaðir í sýningarbækling.

Þess skal getið að LSÓ heldur úti öflugum netsíðum (www.lso.is) bæði á íslensku og ensku. Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra viðburði séu uppfærðir og að þar megi einnig sjá öll frávik frá venjulegum opnunartíma safnsins. Lagður hefur verið grunnur að því að birta listaverkaskrána, með myndum, á netsíðum safnsins, en til þess þyrfti sérstakt fjármagn.

Fyrirhugaðar sýningar

Meistaraverk í London

Listasafn Sigurjóns fékk boð frá hinu virta, breska félagi myndhöggvara *Society of Portrait Sculptors* um að andlitsmynd Sigurjóns *Móðir mín* (1938, LSÓ 007) yrði sýnd sem *Master Portrait* á árlegri sýningu félagsins í London 10. – 15. maí 2004. Sýningunni fylgdi myndskreytt sýningarskrá þar sem höfundi og listaverki eru gerð skil. Aðalsteinn Ingólfsson ritaði þær greinar. Þetta er í fyrsta skipti sem verk eftir Sigurjón er til sýnis í London og vakti það meðal annars athygli forstöðukonu The National Portrait Gallery, Mrs. Sarah Howgate, sem fór lofsamlegum orðum um myndina. Forstjóri safnsins fór með myndina út sem „kurér“ og var viðstödd opnun sýningarinnar í Gallery, 28 Cork Street.

Sýning í Riga

Sýningarstjórn sýningarinnar *European Quadrennial 2004*, sem haldin verður í Riga 4. júní til 25. júlí, hefur óskað eftir ljósmynd af verki eftir Sigurjón frá 1950 til að birta á sýningunni, en þar verða ljósmyndir af 50 listaverkum frá 25 Evrópulöndum stækkaðar í 3×5 m og festar á spjöld víðs vegar um borgina. Safnið hefur sent þeim ljósmynd af *Lágmynd* (1950, grásteinn, LSÓ 1104), sem Listasafn Íslands á, en er í langtímaláni í LSÓ.

Pipilotti og Ekkjan

Svissneska listakonan Pipilotti Rist hefur óskað eftir að fá að nota marmaramyndina *Ekkjan* (1946, LSÓ 198) sem hluta af innsetningu hennar í nýja listasafnið í Árósum, ARoS, frá hausti 2004. Reiknað er með að verk hennar verði til sýnis næstu 5 árin. LSÓ hefur fallist á beiðni Aarhus Kunstmuseum um að fá *Ekkjuna* lánaða í þessum tilgangi í tvö ár og mögulega lengur. Einnig kæmi til greina að láta gera afsteypu í gífsi sem þá gæti fylgt innsetningu Pipilotti til frambúðar.

Í vesturveg

Haustið 2003 hófst undirbúningur að sýningu í Bandaríkjunum á vegum Listasafns Sigurjóns í samvinnu við Unu Doru Copley, dóttur Nínu Tryggvadóttur listmálara sem býr í New York borg. Hugmyndin er að sýna verk þessara tveggja mótternista saman í húsi American Scandinavian Foundation í NYC en einnig í Washingtonborg og ef til vill í Kanada. Forstöðumaður LSÓ sat fundi í NY þann 31.10.03 og voru eftirtaldir viðstaddir: Edward P. Gallagher, forseti ASF, David Giles, framkvæmdastjóri ASF, Guðni Bragason, sendifulltrúi í Washington, Hannes Heimisson aðalræðismaður, Hlíf Sigurjónsdóttir úr stjórn LSÓ, Una Dora Copley og eiginmaður hennar Scott Jeffries. Hugmyndum um sýninguna var vel tekið en stjórn ASF á eftir að taka afstöðu til málsins.

Gestasýning í LSÓ

Eins og undanfarin ár verður boðið til gestasýningar í safninu haustið 2004. Í undirbúningi er sýning á grænlandskri samtímalist þar sem *Isle Hessner* mun vinna innsetningu í neðri sal safnsins og sýna smærri þrívíð verk í efri sal og *Jessie Kleemann*, sem er fjölhæf „performans“ listakona, mun taka þátt í sýningunni við opnunina. Þegar sýningunni lýkur hér í nóvember verður hún sett upp í Þjóðminjasafni Grænlands í Nuuk í janúar 2005 og þaðan fer hún til Johannes Larsen Museet í Kerteminde í Danmörku. Sótt hefur verið um styrk til Norræna menningarsjóðsins og Isle hefur sjálf fengið verkefnastyrk frá Heimastjórn Grænlands.

Aðföng og gjafir

Safnið eignaðist áður óþekkt gifsmynd eftir Sigurjón frá árinu 1939. Sigurjón mun hafa gefið hana Ejnari Borg arkitekt í Danmörku og var það ekkja hans, Grete Borg, sem gaf safninu myndina. Pontus Kjerman lektor við Listakademíuna í Kaupmannahöfn hefur myndina til viðgerðar. Verkið hefur verið nefnt *Skúlpúr* og gefið skráningarnúmerið LSÓ 253.

Safnið festi kaup á verkinu *Galdrastafur* (1960, LSÓ 1173) sem er eitt af lykilverkum Sigurjóns því hún var ein af fyrstu myndum „járnaldar“ Sigurjóns, en svo nefndi Aðalsteinn Ingólfsson þann tíma er Sigurjón dvaldi á Reykjalundi (1960 – 62) og vann fjölda mynda í járn og annan málm.

Viðgerðir, forvarsla, afsteypur og mótagerð

Á leið til *elskunnar minnar*, (LSÓ 212) frá árinu 1954 – 55 var endurgerð með því að steypa gifsmodel eftir formi frummyndarinnar, en hún eyðilagðist sjálf í bronssteypu árið 1991. Bronsafsteypa sú var gerð sem endurgjald til eigenda myndarinnar til þess að safnið eignaðist frummyndina. Gifssteyparinn Roald Kluge í Ósló endurgerði frummyndina og steypiti auk þess fjórar afsteypur af henni í polyester. Kluge gerði einnig nokkrar afsteypur úr polyester af myndunum: *Tveir Bogar eða Hanar* (1979, LSÓ 108) og *Fjölskyldan* (1979, LSÓ 115).

Nokkur gifsmodel sem höfðu verið geymd hjá bronssteypunni Kristiania Kunst og Metalstøberi A/S í Ósló voru send heim.

Jamie Attwood, starfsmaður frá Pangolin Editions kom til landsins að beiðni LSÓ 10. – 14. nóvember 2003 og tók gúmmímót af eftirtöldum myndum:

Frumdrög að stytta á Vejle Ráðhústorg (LSÓ 1064). Unikamynd úr gifsí i einkaeigu á Íslandi.

Sitjandi kona (1938, LSÓ 1044). Unikamynd í einkaeigu í Danmörku.

Lágmynd (1949 – 50, LSÓ 016). Eign LSÓ.

LSÓ hefur leitað fjárstuðnings til að steypa í brons lágmyndirnar tvær við safnið. Starfsmenn bresku bronssteypunnar Pangolin Editions tóku mót af myndunum sumarið 2002, en það kostar um 2.5 Mkr að steypa myndirnar - auk virðisaukaskatts. Við það bættist þökkunar- og flutningskostnaður auk útgjalda við að koma myndunum fyrir hér við safnið. Þegar hafa Þjóðhátíðarsjóður, Menningarsjóður Íslandsbanka, Safnasjóður og Pokasjóður Verslunarinnar veitt til verksins, samtals 2.500 þúsund krónur. Vonast er til að fjármálaráðuneytið styrki framkvæmdina með upphæð sem samsvarar virðisaukaskatti af bronssteypunni. Forstöðumaður hefur beiðni Pangolin Editions að hefja verkið sem fyrst.

Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og aðra viðburði og skulu hér nokkrir nefndir:

Fundur Società Dante Alighieri 21.05.03

Fræðslufundur „Á slóðum Einars Ben“ 14.09.03, 4.10.03 og 1.05.04

Móttaka á vegum Hollenska Aðalræðismannsins á Íslandi 17.12.03 og 29.04.04

Íslandsbanki og Norræni Fjárfestingarbankinn undirrita samning 27.02.04

Aðalfundur Félags íslenskra tónlistarmanna haldinn í safninu 21.04.04

Heimsókn Vinafélags Corcoran safnsins í Washington 12.03.04

Sýning 2. árs nema í Listaháskóla Íslands í efri sal safnsins 1. og 2. maí 2004.

Vetrarhátíð í Reykjavík 2004

Dagana 21. og 22. febrúar 2004 tók Listasafn Sigurjóns Ólafssonar þátt í *Vetrarhátíð í Reykjavík* með spurningaleik fyrir alla fjölskylduna undir fyrirsögninni „Þekkir þú stytta Sigurjóns?“ Góð aðsókn var báða dagana og augljóst að þátttakendur skemmtu sér, þótt sumum fyndist verkefnið erfitt. Um 30 manns komu í safnið sunnudaginn 29. febrúar en þá var dregið úr réttum úrlausnum og þrenn verðlaun veitt: ritíð *Sigurjón Ólafsson Ævi og list I-II*.

Langtímaútlán

Eftirtaldir aðilar hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, Sundaborg og Menntamálaráðuneytið.

Safnmunir

Við endurtalningu úr tölvuskráningu listaverka Sigurjóns (Sigurjón Ólafsson Ævi og list I - II) er listaverkæign safnsins sem hér segir: 143 höggmyndir, 240 teikningar, og 8 útilistaverk á lóð safnsins. Þar við bætist tvö tvívíð verk sem safnið eignaðist á árinu 2003, samtals 393 listaverk. Einkasafn Birgittu Spur og barna hennar lánar að staðaldri sjálfseignarstofnunni Listasafni Sigurjóns Ólafssonar 109 þrívíð verk.

Skráning

Listaverkaskrá safnsins er uppfærð eftir því sem við á bæði á spjöld og í tölvuskrá. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að safnið eignist stafrænar ljósmyndir í prentgæðum af verkum safnsins, ýmist nýjar myndir, eða gæðaskannanir af ljósmyndum. Til dæmis afritaði Prentsmiðjan Oddi allar ljósmyndir sem birtust í bókunum Sigurjón Ólafsson I og II - í fullri upplausn - á 14 geisladiska og hefur það nýst okkur afar vel vegna aukinna möguleika á myndrænni framsetningu kynningarefnis.

Skólaheimsóknir

Tuttugu og átta skólaheimsóknir voru í safnið á tímabilinu, allt frá grunnskólum upp í háskóla, og komu langflestir á sýninguna *Meistarar formsins*.

Fjöldi safngesta

árið 2004 var 5040.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er 300 kr. fyrir fullorðna, 200 kr fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólahópa. LSÓ er aðili að gestakorti Reykjavíkur.

Opnunartími

1. júní - 30. sept.: Opnið alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17

1. okt. - 31. maí.: Opnið laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17

Áður náði almennur sumaropnunartími safnsins aðeins út ágúst, en verður nú einnig í september. Er þetta að hluta til vegna lengri ferðamannatíma, en ekki síður að september hefur verið tími sérsýninga í safninu. Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Fjárhagsstaða safnsins

Samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar og LSÓ var endurnýjaður til næstu þriggja ára, þ.e. fyrir árin 2004 – 2006. Því miður var engin hækkun á framlagi borgarinnar sem árlega leggur safninu til 3.3. milljónir króna. Fjárlaganefnd Alþingis hækkaði framlag ríkisins um eina milljón fyrir árið 2004 og er það nú 7 milljónir króna. Safnasjóður veitti verkefnastyrk til LSÓ, kr. 700.000 til að bjarga lágmyndunum tveimur með því að steypa þær í brons.

Bronsteypan Pangolin Editions í Bretlandi gaf safninu tvær bronsafsteypur af *Frumdrögum að lágmyndum á Búrfelssstöð* (LSÓ 207) og einnig silfurafsteypu af verkinu *Hávaðatrölllið* (LSÓ 197).

Miklir viðburðir í tilefni 15 ára starfsafmælis safnsins hafði í för með sér aukin útgjöld árið 2004, sem var mætt með sölu á afsteypum og öflun nokkurra styrkja. Mestu munaði um sölu á bronsafsteypu af *Ég bið að heilsa* (1973 – 74, LSÓ 073) sem Utanríkisráðuneytið keypti og setti upp í nýja sendiráðinu á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn sem var opnað með viðhöfn þann 27. nóvember 2003.

Starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu er Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson. Einnig er lausráðið fólk í yfirsetu.

Stjórnarfundir og aðalfundur

Stjórnarfundir voru haldnir 16. júlí 2003 og 19. febrúar 2004. Aðalfundur Sjálfseignarstofnunarinnar LSÓ var haldinn 26. maí 2003.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir, og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Karólína Eiríksdóttir og Geirfinnur Jónsson.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður) og Vikar Pétursson.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Birgitta Spur, Matthías Johannessen og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi.

SUMARTÓNLEIKAR
2003
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Þriðjudaginn 3. júní kl. 20:30

Blásarakvintett Reykjavíkur: **Bernharður Wilkinson** flautuleikari, **Daði Kolbeinsson** óbóleikari, **Einar Jóhannesson** klarinettuleikari, **Joseph Ognibene** hornleikari og **Hafsteinn Guðmundsson** fagottleikari. *The Naming of the Birds* eftir *Sally Beamish*, *Þrjár íslenskar myndir* eftir *Tryggva M. Baldvinsson* og *Gran Partita* í B-dúr K.361 eftir *W. A. Mozart*.

Þriðjudaginn 10. júní kl. 20:30

Signý Sæmundsdóttir sópran og **Póra Friða Sæmundsdóttir** píanóleikari. *Sumarblær*. Sönglög eftir ítalska tónskáldið *Paulo Tosti* við nýjar, eða nýlegar ljóðapýðingar *Þorsteins Gylfasonar*. Sönglög eftir *Tryggva M. Baldvinsson*, konsertariúr eftir *Mozart* og tvö hebresk sönglög eftir *Maurice Ravel*.

Þriðjudaginn 24. júní kl. 20:30

Þórólfur Stefánsson og **Eric Lammers** gítarleikarar. Á efnisskránni eru verk fyrir tvo gítara eftir *Joaquin Rodrigo*, *Mario Castelnuovo-Tedesco* og nýtt verk eftir *Porkel Atlason*.

Þriðjudaginn 1. júlí kl. 20:30 *Debut tónleikar*

Snorri Heimisson fagottleikari, **Berglind María Tómasdóttir** flautuleikari og **Arne Jørgen Fæø** píanóleikari. Verk eftir *Gabriel Pierné*, *Heitor Villa-Lobos*, *Aleksander Tansman*, *Emil Petrovics*, *Chick Corea* og *Roger Boutry*.

Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30

Út í vorið – Tíu ára afmælistónleikar
Einar Clausen tenór, **Halldór Torfason** tenór, **Þorvaldur Friðriksson** bassi og **Ásgeir Böövarsson** bassi ásamt **Bjarna Þór Jónatanssyni** píanóleikara. Erlend og innlend sönglög fyrir kvartett, þar á meðal syrpa af lögum *Jóns Múla Árnasonar* sem *Bjarni Þór Jónatansson* hefur útsett.

Miðvikudaginn 9. júlí kl. 20:30

Út í vorið – Endurteknur

Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30

Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari. Sellósvíta nr. 2 eftir *J.S. Bach*, Svíta op. 131d nr. 1 eftir *Max Reger* og Sónata op. 25 nr. 1 eftir *Paul Hindemith*.

Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30

Kristjana Stefánsdóttir jazzsöngkona, **Agnar Már Magnússon** jazzpíanisti og **Helga Björg Ágústsdóttir** sellóleikari. Jazztónlist eftir *Tómas R. Einarsson*.

Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30

Katla Svava Kristín Ingólfssdóttir mezzosópran, **Magnús Ragnarsson** píanóleikari og **Ingibjörg Guðlaugsdóttir** básúnuleikari. Blönduð dagskrá með tuttugustu og tuttugustu og fyrstu aldar tónlist frá Íslandi og Skandinavíu, meðal annars eftir *Hreiðar Inga Þorsteinsson*, *Þóru Marteinsdóttur*, *Mist Þorkeldsdóttur* og *Gösta Nyström*.

Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30

Nicole Vala Cariglia sellóleikari og **Árni Heimir Ingólfsson** píanóleikari. Sumarleg efnisskrá með spænskri og argentínskri tónlist eftir *Manuel de Falla*, *Pablo Casals*, *Gaspar Cassado*, *Joaquin Turina* og *Alberto Ginastera*.

Sunnudaginn 10. ágúst kl. 17:30

Schubert tónleikar á sunnudegi **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðluleikari, **Guðrún Þórarinsdóttir** víóluleikari, **Robert la Rue** sellóleikari, **Þórir Jóhannsson** bassaleikari og **Adrienne Kim** píanóleikari leika verk eftir *Franz Schubert*, þar á meðal *Silungakvintettinn*.

Þriðjudaginn 12. ágúst kl. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari, **Robert la Rue** sellóleikari og **Adrienne Kim** píanóleikari. Tónverk eftir *Dmitri Shostakovich*, *Jónas Tómasson* og *Paul Schoenfield*.

Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:30

Guðrún Birgisdóttir flautuleikari, **Sigurður Snorrason** klarinettuleikari og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari. Verk eftir *Dmitri Shostakovich*, *Igor Stravinsky* og *Camille Saint-Saëns*.

Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30

Hallveig Rúnarsdóttir sópran og **Árni Heimir Ingólfsson** píanóleikari. *Norraent síðsumar*. Sönglög eftir *Hjálmar H. Ragnarsson*, þjóðlaga-útsetningar eftir *Hildigunni Rúnarsdóttur*, söngflokkurinn *Haugtussa* eftir *Edvard Grieg* og sönglög eftir *Jean Sibelius*.